



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um akstursþjónustu fatlaðs fólks

Þann 15. mars 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um akstursþjónustu fatlaðs fólks:

Í svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um akstursþjónustu fatlaðs fólks kemur margt athyglisvert fram. Sérstaklega fróðlegt er að skoða niðurstöðu þjónustukönnunar sem gerð var síðastliðið ár á heimasíðu Pant. Það er ánægjulegt að sjá að meirihluti notenda er ánægður með þjónustuna. Það vakti hins vegar athygli fulltrúa Flokks fólksins að fjöldi þeirra sem eru óánægðir hefur fjölgað milli árána 2021 og 2022. Flokkur fólksins hefur áhuga á að vita hvort einhverjir notendur akstursþjónustunnar hafi gefist upp á að nota hana. Er hægt að sjá hversu margir hafa sagt upp þjónustunni á síðasta ári og voru gefnar upp ástæður fyrir uppsögn?

Svar:

Notendur akstursþjónustunnar hætta að bóka ferðir ef þeir nýta ekki akstursþjónustuna og endurnýja ekki umsókn sína þegar hún rennur út. Það er engin skráning um hvers vegna notendur hætta að nýta akstursþjónustuna. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki aðrar en óánægja s.s. flutningar viðkomandi, aðgangur að bíl ofl.

Ekki hefur orðið fækkun notenda í akstursþjónustunni á árinu 2023 heldur fjölgun og má skoða nánara yfirlit yfir það á heimasíðu akstursþjónustunnar pant.is: <https://pant.is/um-pant/tolfraedi/>.